

Vísir 28 des. 1936

Harður dómur.

Mörgum mun hafa fundist harður dómur sem sagt var frá í kvöld. Hæstiréttur dæmir bifreiðarstjóra í 20 daga fangelsi, þar sem undirréttur hafði algerlega sýknað hann. Slysið varð þannig, að óviti hleypur fyrir vagn og lendir á honum, áður bifreiðarstjóri fái nokkuð að gert. Nú er vitanlega hin mesta þörf á því að koma í veg fyrir að börn verði fyrir vögnum, en nauðsynlegra heldur en að refsa bifreiðarsljóra sem áður hafði hlutið sýkhúsdóm, hygg eg það veða, að finna einhver ráð til að kenna smábörnum að fara ekki gálauslega á götunni eins og oft má sjá þau gera nú. Í þessu samþandi mætti minnast á, að eg tel það ekki vel ráðið að hvétja bifreiðarstjóra til að spara hljóðmerki. Komi i senn bifreið aftan að manni og framan, getur vagnhljóðið auðveldlega runnið saman, svo að hann viti ekki af þeirri sem hann ekki sér, fyr en hljóðmerkið er gefið.

9. desember.

Helgi Pjeturss.